



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
b.t. velferðarnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 27. febrúar 2023

2205042SA GB
Málalykill: 00.63

Efni: Umsögn um frv. til br. á sóttvarnalögum, mál nr. 529

Vísað er til tölvuskeytis frá nefndarsviði Alþingis, dags. 13. febrúar 2023, þar sem óskað er eftir umsögn sambandsins vegna frumvarps til sóttvarnalaga, 529. mál.

Almennt um frumvarpið og fyrri drög sem birt voru í samráðsgátt

Í fyrirliggjandi frumvarpi kemur fram að talin hafi verið þörf á heildarendurskoðun á ákvæðum sóttvarnalaga, einna helst á þeim ákvæðum sem fjalla um stjórnsýslu sóttvarna og opinberar sóttvarnaráðstafanir m.a. vegna þeirrar reynslu sem fengist hefur hér á landi vegna heimsfaraldurs SARS-CoV-2-veirunnar.

Frumvarpið var upphaflega lagt fyrir á 152. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu, sbr. 498. mál. Er frumvarpið nú endurflutt og í meginatriðum óbreytt frá fyrra frumvarpi. Af gefnu tilefni skal bent á að sambandið gerði [umsögn](#) við drög að frumvarpi til sóttvarnalaga þegar það var birt í samráðsgátt stjórnvalda á vefnum Ísland.is hinn 1. febrúar 2022, sbr. mál nr. S-26/2022. Þá gerði sambandið einnig [umsögn](#) við frumvarpið þegar það var til meðferðar á 152. löggjafarþingi. Vísar sambandið til fyrri umsagna ásamt því að áréttta eftirfarandi atriði.

Nánar um afstöðu sambandsins

Í fyrsta lagi bendir sambandið á, ekki síst í ljósi umfjöllunar í 6. kafla frumvarpsins, að frumvarpið var ekki kostnaðarmetið gagnvart sveitarfélögum. Telja sveitarfélög ekki útilokað að lagafrumvarpið komi til með að hafa fjárhagsleg áhrif á sveitarfélög, sbr. 129. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, sbr. fyrri umsögn sambandsins.

Í öðru lagi leyfir sambandið sér að áréttta þau álitaefni sem sett voru fram í fyrri umsögnum sambandsins, dags. 1. febrúar 2022 og 1. júní 2022, og varða sjónarmið um hvaða kostnaður falli undir ákvæði 1. mgr. 39. gr. frumvarpsins. Í ákvæðinu kemur fram að kostnaður sem hlýst af framkvæmd laganna skuli greiddur úr ríkissjóði.

Að áliti sambandsins er óljóst um umfang þeirra áhrifa sem fyrirliggjandi frumvarp kann í raun að hafa á starfsemi sveitarfélaga og þá einnig m.t.t. kostnaðar. Í almennum athugasemdum við frv. kemur m.a. eftirfarandi fram:

„Þá er ráðuneytinu ekki kunnugt um að skólastjórnendum sveitarfélaga hafi verið falið á grundvelli 2. mgr. 5. gr. sóttvarnalaga, nr. 19/1997, að rekja smit í skólum. Smitrakningarteymi almannavarna hefur vissulega verið falið að rekja

smit á grundvelli ákvæðisins og fengið sér til aðstoðar stjórnendur í stofnunum og fyrirtækjum til að upplýsa um samgang fólks þegar rekja á smit á grundvelli almannahagsmuna“

Þrátt fyrir framangreinda afstöðu ráðuneytisins bendir sambandið á að óhjákvæmilegur þáttur í smitakningu er samstarf við skólastjórnendur, með tilheyrandi kostnaði og auknu vinnuálagi á lykilstjórnendur. Skal í þessu sambandi minnt á orð sóttvarnarlæknis í grein hans, dags. 18. nóvember 2021, sem birt var á covid.is, þar sem eftirfarandi kemur fram:

„Í núverandi bylgju faraldurs COVID-19 hafa smit í skólum spilað stórt hlutverk í útbreiðslu smita í samfélaginu og rakning innan skólanna verið þýðingarmikil. Til að rakningin skili árangri er samstarf við skólastjórnendur mikilvægt því einungis skólastjórnendur þekkja aðstæður og hafa aðgang að viðveru- og nemendalistum.“

Þessar upplýsingar eru nauðsynlegar þegar tekin er ákvörðun um sóttkví. Því má líta svo á að samstarf skólastjórnenda og rakningateymis falli undir nauðsynlega gagnaöflun skv. sóttvarnalögum fyrir sóttvarnalækni til að framfylgja sinni lagalegu skyldu (undirstr. höf.).

Ummæl sóttvarnarlæknis um að samstarfið við skólastjórnendur hafi verið nauðsynlegt til að hann gæti fylgt sinni lagalegu skyldu, er varla hægt að túlka öðruvísi en svo að sá kostnaður sem hlýst af þeirri vinnu falli undir að vera „kostnaður sem hlýst af framkvæmd laganna“ og eigi þar með að greiðast úr ríkissjóði, sbr. 39. gr. frumvarpsins. Er þess vinsamlega farið á leit að þingnefndin taki þetta álitaefni sérstaklega til skoðunar.

Niðurlag

Að áliti sambandsins sýnir framgreind umfjöllun fram á nauðsyn þess að hafa þarf frekara samráð við sambandið áður en frumvarpið verður að lögum. Leggur sambandið áherslu á að fá fund með þingnefndinni til að fara yfir fyrrgreind sjónarmið. Þá telur sambandið einnig að nauðsynlegt sé á þessu stigi málsins að þingnefndin kalli eftir frekari greiningu á áhrifum fyrirhugaðrar lagasetningar á sveitarfélögin, sbr. 129. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011 og nauðsynlegt sé að beina því til ráðuneytisins að slíkt mat fari fram.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri